

## Samþykki fyrir öflun og notkun fjárhagslegra upplýsinga

Undirritaður/undirrituð, f.h. neðangreinds félags, veiti/veitum Lykli fjármögnun hf., kt. 621101-2420, (hér eftir „Lykill“) umboð til þess að afla upplýsinga um fjárhagsmálefni félagsins og eignastöðu í þeim tilgangi að leggja mat á láns hæfi þess og/eða greiðslugetu.

Umboð þetta veitir Lykli heimild til að kalla eftir upplýsingum um tekjur félagsins og gjöld, eignir og skuldir, frá öllum þeim aðilum sem geta veitt slíkar upplýsingar. Um er að ræða m.a. en ekki takmarkað við Ríkisskattstjóra, lífeyrissjóði, tryggingafélög, fjármálafyrirtæki og/eða önnur lánafrirtæki. Er Lykli heimilt að afla upplýsinga hvort sem er beint frá viðkomandi kröfuhafa eða í gegnum skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. en skuldastöðukerfi Creditinfo skilar yfirliti frá þeim kröfuhöfum sem eru þátttakendur í því sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar, s.s. fjárhæð og tegund skuldbindinga, lánveitanda og hvort fjárskuldbindingar séu í skilum/vanskilum.

Umboð þetta veitir Lykli einnig heimild til að sækja upplýsingar í vanskilaskrá og um láns hæfismat félagsins til Creditinfo Lánstrausts hf. Láns hæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Láns hæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og láns hæfismats.

Jafnframt veitir umboðið Lykli heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu félagsins, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign í gagnagrunn Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða til þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. lögum um persónuvernd.

Félagið samþykkir og heimilar að framangreindar upplýsingar verði sóttar og nýttar í tengslum við ákvarðanatöku um fjármögnun/lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti, enda hafi Lykill lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá samþykkir félagið að Lykli sé heimilt, ef við á, að upplýsa viðkomandi lánamiðlara um niðurstöðu láns hæfis- og/eða greiðslumats.

Undirritaður/undirrituð veitir/veitum jafnframt Lykli umboð til þess að afla þeirra upplýsinga sem að ofan greinir um fjárhagsmálefni og eignastöðu mína/okkar persónulega og samþykki/samþykkjum notkun þeirra upplýsinga í tengslum við ákvarðanatöku um fjármögnun/lánsviðskipti félagsins og/eða mín/okkar og eftirlit með slíkum viðskiptum enda hafi Lykill lögvarða hagsmuni.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi 30 dögum eftir að Lykill hefur sannanlega mótttekið slíka afturköllun. Fram til þess tíma hefur Lykill heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

Staður, dagsetning

Nafn/Nöfn (Prentstafir)

Kennitala/Kennitölur

F.h. félags

Undirritun

Vottar að rétttri undirritun og dagsetningu:

(Nafn og kennitala)

(Nafn og kennitala)